

# Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa

Pósthólf 5150  
125 Reykjavík – Iceland  
Kennitala 430775-0229

Alþingi  
Erindi nr. P 123/1015  
komudagur 19.2.99

Nefndarsvið Alþingis  
Björn Þorvaldsson nefndarritari  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík.

Reykjavík 19. febrúar 1999

## Álit Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa við frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.


Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa (SÍF) hefur yfirfarið frumvarpið. Frumvarpið felur greinilega í sér verulega réttarbót fyrir brotþola og sakborninga og er því fagnað.

Í tengslum við þessar breytingar vill SÍF koma á framfæri vitneskju um þá vinnureglu sem er viðhöfð í dag og á sér stoð í lögum um vernd barna og ungmenna. Þegar yfirheyra á börn og ungmenni undir 18 ára aldri þá eru starfsmenn barnaverndarnefnda, oftast nær félagsráðgjafar, kallaðir til hvort sem börnin eru brotþolar eða sakborningar. Mjög gott samstarf er milli félagsmálayfirvalda og lögreglunnar í þessum málum. SÍF gerir fastlega ráð fyrir að skipun réttargæslumanns sé hrein viðbót við það sem fyrir er. Áfram verður full þörf á fagþekkingu félagsráðgjafa sem koma börnunum og fjölskyldum þeirra til aðstoðar í framhaldi af því máli sem upp kom. Þess ber einnig að geta að félagsráðgjafar fara í námi sínu mjög gaumgæfilega ofan í ýmis lög er varða réttarstöðu einstaklingsins í samfélaginu og hafa því verið talsmenn, nokkurskonar réttargæslumenn, barna fram til þessa.


Það hefur sýnt sig á Neyðarmóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur hversu gott það er að skipa brotþolum réttargæslumann. Löglærðir réttargæslumenn starfa þar í nánú samstarfi við þá sem aðstoða brotþola í persónulegum og félagslegum vanda og er það til fyrirmyndar.

SÍF vill einnig koma á framfæri annarri athugasemd eða öllu heldur fyrirspurn er varðar nálgunarbann. Félagsráðgjafar vinna mikið með þolendum heimilisofbeldis og því bíða félagsráðgjafar spenntir eftir því að fá lagaúrræði um nálgunarbann sem nýst gæti þeim sem búa við slíkt ofbeldi. Þar sem verið er að endurskoða lög um meðferð opinberra mála mætti þá ekki koma þar inn ákvæði þar að lútandi?

Virðingarfyllst,



Björk Vilhelmsdóttir  
formaður



Inga María Vilhjálmsson  
félagsráðgjafi hjá Félagsþjónustunni í  
Reykjavík